

Reglur um garðslátt fyrir 70 ára og eldri og öryrkja

Sótt er um á skrifstofu Snæfellsbæjar, á eyðublöðum sem þar fást. Einnig er hægt að nálgast eyðublöð á heimasíðu Snæfellsbæjar og er þá hægt að senda umsóknirnar á snb@snb.is

Miðað er við að slegnir séu garðar fyrir þá sem ekki geta séð um það sjálfir, garðsláttur á vegum sveitarfélagsins tekur við þar sem getu einstaklings og annarra heimilismanna sleppir.

Í boði er slegið sé að hámarki 4 sinnum yfir sumarið, þ.e. að meðaltali einu sinni í mánuði.

Til að eiga rétt á garðslætti þarf viðkomandi að búa sjálfur í eigninni.

Ef viðkomandi býr í fjöleignarhúsi er garðurinn sleginn í hlutfalli við eignarhlut viðkomandi. Þ.e., ef eignarhluturinn er 1/2 af húsinu þá á viðkomandi rétt á garðslætti tvisvar sinnum yfir sumarið.

Ef öryrki býr ekki einn þá á hann ekki rétt á garðslætti.

Skipulag á garðslætti er í höndum Áhaldahúss Snæfellsbæjar og verður reynt að tryggja eftir þörfum að sláttur verði reglulega um það bil einu sinni í mánuði.

Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 19. júní 2014
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri